



5. bekkur 2019 - 2020

Í fimmta bekk eru 45 nemendur, 18 stúlkur og 27 drengir sem eru í tveim bekkjardeild. Alls fá nemendur 35 kennslustundir á viku. Umsjónarkennarar eru Ingibjörg Jóna Kristinsdóttir og Kristjana Björg Vilhjálmsdóttir. Stuðningskennari er Hjördís Rós Egilsdóttir. Stuðningsfulltrúar eru Kamilla Sól Viktorsdóttir og Þórdís Halla Gunnarsdóttir.

Aðalnámsskrá er reist á sex grunnþáttum menntunnar, þessir grunnþættir eru: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og köpun. Þessir grunnþættir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfelli í öllu skólafarfinu. Þessir grunnþættir eru því hafðir að leiðarljósi í námi barna í 5. bekk.

Kennslustundir á viku skiptast sem hér segir:

Íslenska	9 kennslustundir
Stærðfræði	7 kennslustundir
Enska	3 kennslustundir
Samfélagsfræðigreinar	4 kennslustundir
Náttúrufræðigreinar	3 kennslustundir
List og verkgreinar	5 kennslustundir
Íþróttir	2 kennslustundir
Tölvufræði/bókasafn	1 kennslustund aðra hvora viku
Sund	1 kennslustund